

299. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGUR 16. OKTÓBER 2019 KL 9:30

haldinn í Háteigskirkju, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerðir síðustu funda
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Fundargerð fjármálahóps lögð fram
 - b) Fjárhagsáætlun ársins 2020
 - c) Blönduóssókn, neyðaraðstoð
- 3) Málefni Skálholts
 - a) Prentsögusetur
 - b) Staða ráðsmanns
 - c) Rekstrarhalli Skálholts árið 2019
- 4) Málaskrá kirkjuþings 2019
 - a) Skýrsla kirkjuráðs
- 5) Starfsmannamál
 - a) Framkvæmdastjóri
 - b) Starfsmannalistar
- 6) Erindi frá launanefnd
- 7) Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullan aðskilnað ríkis og kirkju og nýja heildarlöggjöf um starfsemi trú- og lífsskoðunarfélaga
- 8) Stefgjaldamálið
- 9) Kirkjubygging á Hvolsvelli
- 10) Önnur mál

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri biskupsstofu, Sigurbjörg Níelsdóttir Hansen, fjármálastjóri biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Séra Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti, sótti fundinn undir dagskrárlið 3.
Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings, sat fundinn undir dagskrárlið 3 og 4.
Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri sat fundinn undir dagskrárlið 8.

Fundargerðir voru undirritaðar.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) *Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs frá 14. október sl., lögð fram*

Fyrir fundinum lá fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dagsett 15. október 2019.

b) *Fjárhagsáætlun ársins 2020*

Drög að fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar vegna ársins 2020, lögð fram.

c) *Blönduóssókn, neyðaraðstoð*

Kirkjuráð samþykkti, að tillögu fjármálahóps kirkjuráðs, að veita Blönduóssókn 500 þúsund kr. neyðaraðstoð til að greiða upp vanskil.

3. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

a) *Prentsögusetur*

Erindi Guðmundar Þorsteins Veturlíðasonar, f.h. Prentsöguseturs, og séra Kristjáns Björnsson, vígslubiskups, f.h. Skálholtsstaðar, til fjárlaganefndar Alþingis, formanns Willums Þórs Þórssonar, frá 25. september sl., lagt fram til kynningar, ásamt fylgigögnum.

Þar voru kynntar hugmyndir um að Prentsögusetur verði sett á laggirnar í húsnæði gamla fjóssins í Skálholti.

b) *Staða ráðsmanns*

Stjórn Skálholts hefur lagt til að ráðinn verði ráðsmaður í Skálholti, sem hefði búsetu á staðnum, þar sem bóndinn bjó áður.

Kirkjuráð samþykkti að skoða málið um leið og heildar stefnumótun fasteignasviðs verði unnin.

c) *Rekstrarhalli Skálholts árið 2019*

Kirkjuráð samþykkti, að tillögu fjármálahóps kirkjuráðs að veita 6 millj. kr. viðbótarfjárveitingu á þessu ári vegna greiðsluferfiðleika. Kirkjuráð mun skoða málefni Skálholts heildstætt og framtíðarsýn verði unnin fyrir staðinn.

4. MÁLASKRÁ ÞINGS

Kirkjuþing 2019 verður sett í Háteigskirkju laugardaginn 2. nóvember nk. Þingið mun fara fram í nýju húsnæði biskupsstofu, Katrínartúni 4.

Drög að málaskrá þingsins lögð fram, þar á meðal drög að skýrslu kirkjuráðs og drög að skýrslu um fjármál þjóðkirkjunnar.

5. STARFSMANNAMÁL

a) *Framkvæmdastjóri kirkjuráðs, starfslok*

Séra Axel Árnason Njarðvík, kirkjuráðsmaður, kynnti stöðu mála.

b) *Starfsmannalistar*

Starfsmannalistar og upplýsingar um stöðugildi starfsfólks kirkjumálasjóðs, biskupsstofu og presta lagðir fram.

6. ERINDI FRÁ LAUNANEFND

Erindi frá launanefnd þjóðkirkjunnar, Ragnhildi Benediktsdóttur, formanni, frá 23. september sl., lagt fram. Nefndin óskar eftir því að kirkjuráð breyti ákvæði í samþykktum kirkjuráðs um launanefndina.

Kirkjuráð samþykkti að skipa þrjá menn í launanefnd og tvo til vara. Kirkjuráð skipar formann nefndarinnar.

7. UMSÖGN UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM FULLAN AÐSKILNAÐ RÍKIS OG KIRKJU OG NÝJA HEILDARLÖGGJÖF UM STARFSEMI TRÚ- OG LÍFSSKOÐUNARFÉLAGA

Alþingi hefur til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um fullan aðskilnað ríkis og kirkju og einnig nýja heildarlöggjöf um starfsemi trú- og lífsskoðunarfélaga.

Biskup Íslands mun gera drög að umsögn vegna málsins.

8. STEFGJÖLD

Söngmálastjóri reifaði hvernig STEF-gjöld eru greidd af kirkjunni og sögu málsins. Hún kynnti einnig hugmyndir að nýju fyrirkomulagi og samkomulagi við STEF. Söngmálastjóri lagði fram minnisblað og kynnti drög að samningi við STEF.

- Kirkjuráð samþykkti að fela framtíðarnefnd kirkjunnar að taka upp málið við ríkið. Biskup mun senda formanni nefndarinnar upplýsingar um málið.

9. KIRKJUBYGGING Á HVOLSVELLI

Lögð fram stefna sóknar- og byggingarnefnd Stórólshvolfssóknar á hendur biskupi Íslands dagsett 29. september sl.

10. ÖNNUR MÁL

a) Sala á kirkjubyggingum

Stefán Magnússon, kirkjuráðsmaður, spurði hvort kirkjuráð hefði athugasemdir við að hann/sóknarnefndin myndi selja þrjár kirkjur.

Málið rætt.

b) Umslag frá séra Þóri Stephensen

Umslag frá séra Þóri Stephensen lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00

Næsti fundur kirkjuráðs er áætlaður í vikunni fyrir kirkjuþing.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson,
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon